

Leiðarljós Kringlumýrar

Frítímastarf með áherslu á þroska og reynslu einstaklingsins.

Gildi Kringlumýrar

Lýðræði

Leitast er við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni þjónustunotenda til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Markmiðið með lýðræði er að gera þjónustunotendum fært að skilja áhrifamátt þeirra á að taka virkan þátt í samfélaginu. Barnalýðræði er hugtak sem hefur að miklu leyti verið mótað í ljósi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Unicef hefur mótað og þróað hugtakið enn betur. Nauðsynlegt er að öllum séu kynnt réttindi sín og skyldur.

Ítarefni:

www.un.is

www.unicef.is

<http://www.barnasattmali.is>

www.barn.is

Lærdómur gegnum reynsluna (Dewey)

Talið er að bandaríski heimspekingurinn, sálfræðingurinn og menntafrömuðurinn John Dewey hafi haft hvað mest áhrif á uppeldishugmyndir manna og hina ýmsu uppeldisfræðinga síðustu áratugi á Vesturlöndum. Helsta hugmynd hans er byggð á hugtakinu verkhyggja eða hegðunarheimspeki og er slagorð hans að: „læra með því að framkvæma“ (learning by doing). Hann taldi að uppeldið fælist í því að leiða barnið þannig að það uppgötvandi og læri af athöfnum sínum.

Ítarefni:

<http://www.infed.org/thinkers/et-dewey.htm>

<http://www.siu.edu/~deweyctr/>

<http://www.johndewey.com>

<http://www.utm.edu/research/iep/d/dewey.htm>

Umhyggja (Noddings)

Nel Noddings útskýrir siðfræði umhyggjunnar sem tengsl sem fela í sér þá aðferð sem við notum þegar við mætum öðrum á siðferðislegan hátt, sem afleiðingu af náttúrulegri umhyggju. Náttúruleg umhyggja lýsir tengslum þar sem veitt eru viðbrögð vegna ástar eða af náttúrulegum ástæðum. Náttúruleg umhyggja er útskýrð sem mannlegt ástand sem við mennirnir, meðvitað, eða ómeðvitað, lítum á sem „gott“. Það er það ástand sem við leitum eftir að vera í, við leitum eftir umhyggju og að mynda þessi sérstæðu tengsl sem hvetja okkur til að breyta með siðferðilegum hætti. Við viljum breyta á siðferðilegan hátt með það að markmiði að viðhalda samböndum sem einkannast af umhyggju og þeirri hugmynd að líta á okkur sjálf sem þann sem veitir umhyggju. Noddings gerir greinamun á því sem nefnt er náttúruleg og fagleg umhyggja. Náttúruleg umhyggja krefst ekki sérþekkingar og hún á sér

stað á milli einstaklinga sem tengdir eru tilfinningaböndum. Fagleg umhyggja felur aftur á móti í sér fagleg tengsl þar sem koma við sögu gagnkvæmar skyldur, vilji og áhugi. Fagleg umhyggja getur þó aldrei verið án væntumþykju því án hennar er ekki mögulegt að veita umhyggju. Fagleg umhyggja inniheldur þó minna af persónulegri væntumþykju, eða fórnfýsi en náttúruleg umhyggja.

Grundvallarforsenda þess að barn geti unað og dafnað, leikið sér og lært er að það njóti ábyrgrar og faglegrar umönnunar, bæði líkamlegrar og andlegrar. Finna má ákveðinn samhljóm með kenningum Noddings og Loris Malaguzzi sem kennd hefur verið við Reggio Emilia. Hlustun er mikilvægur þáttur í hugmyndafræði Reggio Emilia, að hlusta felur í sér að vera opinn fyrir öðrum, að viðurkenna aðra sem ólíka og reyna að hlusta á aðra frá hans eða hennar stöður eða reynslu án þess að horfa á alla út frá sama sjónarhorni. Það þýðir að hlusta á hugsanir, hugmyndir og kenningar, spurningar og svör frá börnum og reyna að túlka það sem sagt er án fyrirfram ákveðinna hugmynda um það hvað sé rétt, gilt eða viðeigandi. Hugmyndir Noddings um það hvernig bregðast skuli við barninu með því að byggja upp nálgun út frá áhuga þess samræmist að miklu leyti vinnuaðferðum Reggio Emilia.

Ítarefni:

<http://netla.khi.is/greinar/2006/005/index.htm>

http://www.ascd.org/ed_topics/el199812_halford.html

<http://edweb.sdsu.edu/people/Dkitchen/TE652/noddings.htm>

www.infed.org/biblio/noddings_caring_in_education.htm

www.infed.org/thinkers/noddings.htm

Tilfinningagreind (Goleman)

Tilfinningagreind er hugtak sem á rætur sínar að rekja til starfa tveggja bandarískra sálfræðinga, þeirra Johns Mayers og Peters Saloveys. Tilfinningagreind vísar meðal annars til hæfni fólks til að þekkja, skilja og hafa áhrif á eigin tilfinningar. Samkvæmt Goleman er tilfinningagreind samsett úr fimm lykilþáttum. Hæfni til að þekkja og nefna réttilega eigin tilfinningar ásamt skilningi á tengslum hugsana, tilfinninga og hegðunar. Hæfni til að stjórna eigin tilfinningum, til dæmis til að bæta eigin líðan. Hæfni til að setja sig inn í ákveðið tilfinningalegt ástand ásamt vilja til að ná árangri. Hæfni til að skynja, þekkja og taka tillit til tilfinninga annarra og hæfni í mannlegum samskiptum. Goleman hefur bent á að niðurstöður greindarprófa spái alls ekki fullkomlega fyrir um árangur fólks í skóla, í vinnu eða í lífinu almennt. Hann heldur því fram að hugtak hans, tilfinningagreind, geti að minnsta kosti í sumum tilfellum spáð betur fyrir um árangur fólks en greindarvísitala. Góð tilfinningagreind er grunnurinn að velgengni í lífinu samkvæmt Goleman en hún byggir á því að hafa sjálfsvitund, sjálfstjórn, félagslega hæfni, einbeitingu og sjálfsaga. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á rækt við tilfinningagreind hvers og eins svo allir fái notið sín á eigin forsendum.

Ítarefni:

http://www.doktor.is/index.php?option=com_d-greinar&Itemid=40&do=view_grein&id_grein=2069

<http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=5485>

<http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=5550>

Skapandi hugsun

Sköpunargáfan er hugarferli sem fæðir af sér eitthvað nýtt og felur í sér að horfa, hlusta og hugsa á nýjan hátt. Sem börn skortir okkur ekki skapandi hugsun eða ferskar hugmyndir en á

lífsleiðinni dregur úr þessari hugmyndaauðgi. Leggja skal áherslu á að virkja skapandi hugsun barna og unglunga og hvetja þau til að leita nýrra leiða við úrvinnslu viðfangsefna. Sköpun er tjáningarmiðill sem eflir sjálfstraust barna og unglunga en börn eiga yfirleitt auðvelt með að tjá tilfinningar sínar í myndsköpun. Ýta skal undir sjálfstæði í sköpun í stað þess að láta alla vinna eins. Skapa þarf tækifæri og aðstöðu til tilrauna og athuganna.

Ítarefni:

<http://www.isholf.is/benaegis/isbrjotur/hugsun.html>

http://www.doktor.is/index.php?option=com_d-greinar&do=view_grein&id_grein=1838

Aldursviðeigandi viðfangsefni (Erikson, Wolfensberger)

Erik Erikson var fyrsti kenningarsmiðurinn sem setti fram kenningu um allt æviskeiðið frá vöggum til grafar. Samkvæmt honum þarf fólk að takast á við ákveðin verkefni á hverju þroskaskeiði. Því betur sem það leysir verkefni þeim mun betur gengur á næsta þroskastigi á eftir. Á hverju skeiði eykst einnig styrkleiki fólks. Þótt ekki takist vel til á einu æviskeiði getur fólk þó náð upp þeim styrkleika sem skeiðið býður upp á, jafnvel þótt síðar verði. Wolf Wolfensberger endurskilgreindi og útfærði kenningar Mikkelsen og Nirje um normaliseringu út frá hugmyndum félagsvísinda og heimspeki. Hugtakið normalisering felur í sér að allir einstaklingar taki þátt í eðlilegu daglegu lífi, eigi einkalíf og fari í gegnum lífsþróun á sama hátt og aðrir. Hugtakið gerir ráð fyrir að eðlileg lífsgæði séu mikilvæg fyrir alla. Allir eigi rétt á sömu lífsskilyrðum og lífsaðstæðum. Fólk með þroskahömlun eigi rétt á að upplifa virðingu samfélagsins eins og aðrir þegar þess, það beri að virða val þeirra, óskir og réttinn til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Hann leggur einnig mikla áherslu á að styrkja jákvæða persónulega færni einstaklingsins og ímynd í samfélaginu. En það að vera velmetinn felur í sér að taka þátt í einhverju sem er talið jákvætt og eftirsóknarvert. Hann leit svo á að fötlunin væri ekki vandamálið heldur viðhorf samfélagsins. Á suma þætti getum við haft áhrif í okkar daglegu stöfum en ekki alla. Hvað gerir t.d. fólk á sama aldri, hvernig klæðir það sig og hvað gerir það í tómstundum.

Ítarefni:

<http://erikson.edu/erikson.asp?file=eriksonbio>

<http://www.ship.edu/~cgboeree/erikson.html>

<http://www.psy.pdx.edu/PsiCafe/KeyTheorists/Erikson.htm>

<http://psychology.about.com/library/weekly/aa091500.htm>

http://en.wikipedia.org/wiki/Wolf_Wolfensberger

http://www.srvip.org/about_wolfensberger.php

<http://www.asist.dial.pipex.com/background.htm>